

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Nóvember 2010



Mynd: Guðrún Hólmgeirsdóttir

Ólíkir hagsmunir

Stjórnarmenn í félögum veiðimanna hafa tilhneigingu til að útbreiða fagnaðararindi veiðidellunnar. Með því vilja þeir efla félagsskapinn eins og þykir sjálfsagt í venjulegum félögum. En hvers vegna ættu veiðimenn að sjá hag sínum borgið með því að ánetja fleiri sinni eigin fíkn? Blasir ekki við að það er miklu betra fyrir okkur að beina áhuga fólks í aðrar áttir? Úti- vistarfólki í hestamennsku, göngur og golf; græjufíklum í tölvur, skóburstunar- eða handsnyrtisett og nasaháraklippur; jeppamönnum í torfæruakstur? Bara ekki í veiði.

Of mikill áhugi á veiði er eitt helsta vandamál okkar sem veiðum. Hann heldur uppi verði á veiðileyfum og veldur því að þeir sem einoka aðganginn að auðlindinni, landeigendur, komast upp með að kreista sífellt fleiri krónur út úr þeim fíklum sem þeim dettur í hug að semja við. Samningsstaða forystufólks okkar er fyrirfram vonlaus því viðræður um leigusamninga fara yfirleitt fram utan veiðitíma þegar fráhrarfseinkenni eru í hámarki. Við þær aðstæður er gengið að hverju sem er gegn tryggingu fyrir að fá næsta skammt afgreiddan með vorinu – áður en útlendingatíminn byrjar.

Formenn félaga veiðimanna hafa skrifað glaðbeittir undir samninga til þess eins að þurfa síðan að láta

félögin fjármagna þá með miklu markaðsstarfi í útlöndum og fá stöndug fyrirtæki eða moldrika einstaklinga til að kaupa bestu tímana um hásumar svo hægt sé að hleypa félagsmönnum að ánum á vorin, áður en fiskurinn gengur í þær, eða eftir að dimma tekur og hausthljóð er komið í vindinn.

Um skeið gátu forystumenn íslenskra gervifyrirtækja seilst í sparifé okkar bakdyramegin og notað það til að greiða rándýr veiðileyfi handa allskonar fólki – og kaupa handa því alls kyns skemmtan að auki á bakkanum því í rauninni þótti fæstum gaman að veiða. Við það breyttist útlendingatíminn í eitthvað séríslenskt sem við viljum helst ekki tala um núna. Eftir stendur að veiðimenn sitja uppi með samninga við landeigendur sem ná engri átt.

Nú ætti að vera lag að vinda ofan af vitleysunni og koma sér og landeigendum niður á jörðina. Í staðinn fara menn í markaðssókn til að bjarga rekstri félaganna út úr skammtíma ógöngum: Herja á útlendinga að koma nú aftur til Íslands og kaupa fyrir okkur veiðileyfin sem forystumenn félaganna hafa keypt af landeigendum án þess að hafa nokkurn tíma látið sér detta í hug að óbreyttir félagsmenn gætu borgað.

Eina leiðin út úr þessum vítahring

er að veiðimenn skilji að hagsmunir þeirra eru fólgnir í að draga úr áhuga almennings á veiðiskap, bæði hér heima og erlendis. Þess vegna eiga menn t. d. alls ekki að skrifa eða tala fallega um stangveiði við ókunnuga eða láta hafa við sig viðtöl um dýrðardaga í veiði. Menn eiga þvert á móti að kynda undir öllum þeim fordómum gagnvart stangveiðum sem enn lifa meðal almennings og gera mikið úr fánýti þeirra, ógnarháu kílóverði, kulda og vosbúð á veiðislóð og rýrum afla. Hugsuð ykkur til dæmis skaðann sem bækur Stefáns Jónssonar hafa valdið!

Því miður fara þessir hagsmunir okkar sem einstaklinga ekki alltaf saman við hagsmunir stangveiðifélaganna, sem eru flækt í óraunhæfa samninga við landeigendur og þurfa að láta reksturinn borga sig. Hagnaðurinn sem þau eiga að skila félögum sínum er ekki fólgnir í gróða af rekstrinum heldur í ódýrum veiðileyfum. Ein áhrifarikasta leiðin til að ná því markmiði er að draga úr áhuga almennings og fyrirtækjafrómuða á veiðiskap og vinna gegn því að upplýsingar um veiði og veiðileyfi á Íslandi berist út fyrir landsteinana.

Gísli Sigurðsson
veiðimaður í Vesturbænum

Rabbað við Ármann nr. 11 um svartbekkjóttar hanafjaðrir, veiðivörð í Mývatnssveit og ólæknandi sjúkleika



Bjarni ber saman Rektorinn og Black ghost með umræddum glyrnum.

Fluguveiðimenn þekkinga aðeins einn rektor á Íslandi, Bjarni Kristjánsson, fyrrum rektor Tækniskólans. Hann var einn þeirra sem gaf sig fram þegar Jón Hjartarson auglýsti fund áhugamanna um fluguveiði og náttúruvernd á Hótel Loftleiðum fimmtudagskvöldið 11. janúar 1973 og tók sæti sem ritari í fyrstu stjórn félagsins. Hann tók við formennsku af Jóni árið 1974 og gegndi því starfi í tvö ár. Þetta voru árin þegar Ármenn voru að koma fótum undir félagið, þegar þeir reyndu að rækta upp laxastofn í Kálfá og tóku Laxá í Þingeyjarsýslu á leigu ofan virkjunar, árin þegar sú frægðarsól reis sem enn þann dag í dag tengir orðstír Ármanna þessari perlu urriðaveiðinnar á Íslandi. Í huga fluguveiðimanna er nafn Bjarna órjúfanlega tengt straumflugu úr gulum svartbekkjóttum hanahálsfjöðrum: Rektorum.

Þetta var undarlegt síðdegi í Mývatnssveit. Við vorum þarna fjórir félagar saman á bakkanum, Kolbeinn Grímsson (#73), Haukur

Filipsson (#162), Pétur H. Ólafsson (#150) og ég. Í hléinu opnaði Kolbeinn plastöskju með flugum og þarna voru margar útgáfur af þessum gulu fjöðrum sem hann hafði verið að leika sér með. Ég tók eina og spurði: „Fæ ég að prófa?“ „Alveg sjálfsgagt.“ Við Pétur áttum að vera í Hofstaðaey og hann tók strax í fyrsta kasti á Gaflinum. Við höfðum það svoleiðis að Pétur fór á undan en ég á eftir. Alloft varð hann var við fisk, hann sá að þeir komu að skoða en svo negldu þeir alveg þessa nýsmíði hans Kolbeins. Þetta urðu tíu fiskar, allt 4 til 6 punda. Það var skrýtið við þennan dag að þegar við komum uppeftir hafði ekki annað veiðst í Mývatnssveit utan einn þriggjaþundari sem Kolbeinn náði og þeir voru búnir að skera í pottinn.

Við Pétur fórum eitthvað að bulla um hvað flugan ætti að heita en Kolbeinn tók af skarið og sagði: „Hafið engar áhyggjur, ég gef mínum flugum nafn. Hún heitir Rektor þessi. Þetta var skrýttinn dagur, ég

get ekki gleymt þessu.

Ég hef oft veitt á þessa flugu en Black ghost slær henni stundum við. Ég vil nú ekki gefa upp hvenær hvor flugan á við, þá væri ég að ljósta upp um leyndarmál. Ætli ég segi ekki bara „svona öðru hverju“. Ég get hins vegar sagt þér það að ég setti tvær glyrnur á Blakk-góstinn og hann magnaðist upp um allan helming.

Þetta hefur líklega verið þegar Ármenn voru um þriggja ára og þá vorum við með alla ána; síðar aðeins austurbakkann. Í minningunni eru þetta tíu til tólf ár og kvótinn, tólf fiskar á dag, alltaf fullur á miðjum degi. Þá fór maður oft í það að hjálpa yngri og óreyndari mönnum. Eftirlætisstaðir mínir voru flóarnir, Vörðuflói, Skriðuflói og Brotaflói, þeir voru afskaplega gjöfulir. Það var líka gaman að veiða í Kleifinni, neðst á Geirastöðum. Þá gerði maður mestu veiðina með því að vaða neðan við flúðirnar, nokkuð langt suður yfir, og veiða þar utarlega. Og þar veiddi Rektorinn.

Ármenn semja við háttvirta kjósendur

Við í stjórninni fórum norður í Mývatnssveit snemma í maí til að semja í fyrsta sinn við Veiðifélag Laxár og Krákár. Veður var gott en um nóttina frysti og þá skulfu sumir mikið í gömlu svefnpokunum sínum. Samningarnir gengu greiðlega fyrir milligöngu Stefáns Jónssonar, en hann átti þarna háttvirtum kjósendum að mæta. Hann hafði gert okkur Ármenn alveg vitlausar með frásögnunum sínum af þessari fullkomnun í fisklíki, sem væri það meira að segja áskapað að taka með látum fluguna hjá kurteisum veiðimanni og dansa svo á sporðinum alveg yfir að hinum bakkanum. Á kynningarfundum í félaginu spurði einhver um mývarginn. Stefán svaraði því að bragði: „Vargurinn hefur aldrei truflað veiðimenn eða neitt annað í Mývatnssveit – það er að segja nema hérna um árið þegar hann drap kvíguna.“

Það vafðist aldrei fyrir mér að fylla kvótann, né okkur félögum, en jafnsatt er að einhvern tíma um aldamótin var ég þrjá daga í Mývatnssveit án þess að landa fiski. Samt var veðrið gott og allir aðrir veiddu. Pétur félagi minn lét segja sér þrim sínum eins og Njáll forðum.

Laxá var auðvitað alltof stór biti fyrir svona lítið félag svo við



Bjarni Kristjánsson við Svarthöfða, líklega með um 17 pund á hinum endanum.

gripum til þess að skammta félögum unum daga af því sem ekki seldist. Ég fór þrisvar eða fjórum sinnum yfir sumarið en Kolbeinn fór miklu oftar. Þessir þrír, sem áður er getið, voru helstu félagar mínir, alveg eiturflinkir veiðimenn, en svo fór ég oft með mönnum sem ég reyndi að koma á bragðið. Þetta gátu verið svaðilfarir fyrst á vorin, og kafhlaup á Þjóðveginum í Borgarfirði og á Fljótshéðinni. Ég var þá á Citroën DS og hann gerði það nú bara gott. Við gistum í tjöldum en stundum var ég með tjaldvagn. Hann var mjög góður fyrir tvo og þægilegt að

kokka. Sú saga gekk að Kolbeinn hafi átt tjald uppistandandi við ána í nokkrar vikur. Við fórum með aflann í reyk til Guðbjarts í Álftagerði tvisvar á dag – það er lítill bær vestast í Skútustaðatorfunni – en sumir létu Hólmsfríði frysta fyrir sig. Ég gerði það aldrei.

Við settum strax upp snyrtingu á tjaldstæðinu við Arnarvatn fyrir eigin reikning og við efri endann á Hofstaðaeynni. Þessi mannvirki stóðu enn, síðast þegar ég vissi. Þegar húsið reis við Rauðhóla niðri í dal styrktum við það myndarlega með muðlum, minnir mig. Frystikistu settum við hjá Hólmsfríði á Arnarvatni.

Hólmsfríður var eftirlitsmaður með veiðinni frá fyrstu tíð. Hennar hlutverk var að stjórna, bóka og skipta svæðum á menn. Eitt það fyrsta sem ég gerði var að senda henni gríðarlegt skema yfir veiðisvæðin sem hún notaði til skamms tíma fyrir bókanir til að láta tölvuna ekki rugla sig neitt.

Okkur samdi vel við Hólmsfríði. Ég var ekki eins mikið niðri í dalnum, en get þó sagt með góðri samvisku að ég hafi veitt í þessari á frá upptökum að ósi. Niðri í dal er einn staður sem heitir Djúpidráttur. Ég var aldrei slíku vant ekki með lykjavöld að bílnum og var settur niður

Rektor í eyra



Tíðindamaður Áróðs var tekinn í eyrað á bökkum Laxár í Mývatnssveit í júlí 2001. Í lok vaktarinnar settist hann að borðum í veiðihofi Hólmsfríðar eins og ekkert hefði í skorist. Smám saman tóku menn eftir þessu tilkomumikla eyrnaskrauti og innan stundar lá allur salurinn veinandi af hlátri. Myndin var tekin skömmu áður en tíðindamaður var lagður á eldhúsbekk Hólmsfríðar og flugan fjarlægð með stóraðgerð. Um þetta atvik var ort lítið kvæði sem endar svona:

Í tignarstöður menn sig láta langa og leitast við og sperrast alla daga, en reynslan er að réttara' er að ganga með Rektorinn í eyra en í maga.

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

við þennan stað vestanmegin. Ég var búinn að veiða lengi og víða með Black ghost og Peter Ross sem dropper og fékk að jöfnu á báðar flugurnar. En ekki núna, þeir slitu úthaldið af mér oftar en einu sinni. Um ellefuleytið er ég orðin þreyttur og fæ mér kaffi. Setti svo á Night hawk, tvíkrækju nr. 8. Þeir tóku hana alveg niður í kok og þegar klukkan nálgast eitt var ég kominn með 30 pund og allir eins, ég man ekki hvort það voru 5 sinnum 6 pund eða öfugt.

Þó að fyrstu samningar hafi verið hagstæðir breyttist það fljótt, leigan hækkað gróflega, sóknin hjá okkur var léleg og félagið réð ekkert við þetta. En margir héldu samt áfram að koma. Ég hélt lengi áfram í Mývatnssveitinni eftir að húsið kom, lengst af með Árna Birni (#439) og hans holti, en gafst upp þegar ég varð áttæður. Það er ekki gaman að vaða þegar jafnvægissskynið er farið að bila og þá velur maður sér hættuminni veiðisvæði.

Hlíðarvatn á þurrflugu

Í Veiðimanninum frá 1996 (júní) má sjá mynd af Bjarna og Kolbeini Grímsyni við kvarnatöku úr bleikju við Hlíðarvatn.

Hlíðarvatn já. Það er allt Kolbeini að kenna. Ég byrjaði að fara með honum en hef aldrei verið neinn spekingur í því. En ég náði svolitlum árangri með þurrflugu. Kolbeinn var búinn að segja mér að það væri vel hægt. Hann sá amerískan vin sinn veiða grimmt á slíkar flugur. Hann hnýtti sjálfur þurrflugur en ég sá hann aldrei nota þær. Ég komst í franska bók um þurrflugur og fór þá



Ármaður #11 deilir veiðigleði með félaganum sínum, Sigurði Bjarnasyni (#97), við Laxá í Aðaldal, skammt neðan virkjunar.

að hnýta þær sjálfur, með þessum árangri. Hin síðari ár hef ég tekið regnbogann á þurrflugur líka, bæði í Reynisvatni og Hvammsvík. Ég hef hnýtt mikið sjálfur en er hættur núna og á allt of mikið.

Glímt við stórlaxa

Þetta byrjaði þannig að á jólum 1957 gaf eiginkonan mér – alsaklausum – veiðistöng, 7 ½ feta stert með tromluhjól. Næsta vor fór ég að Ölfusárósi og fékk í fyrsta spónkasti 2ja punda sjóbirting. Litlu síðar, og eiginlega áður en von var á laxi fór ég að Bíldsfelli og fékk þar í fysta spónkasti 11 punda grálúsugan lax.

Svona geta tilviljanir verið og segja má að ég hafi enn ekki beðið

þeirra bætur eða læknast af þeim „sjúkleika“ sem ég fékk vorið 1958 – ella væri ég raunar ekki að rifja þetta upp.

Spónveiðiarin mín 1958 til 1970 voru yndisleg og eftir það reis ánægjan enn með fluguveiðinni sem þá fékk yfirhöndina. Það var eiginlega ekki hægt annað í návist Heimis í Garði, þess fræga veiðimanns og goðsagnakennda leiðsögumanns í Laxá í Aðaldal. Hann kenndi manni óhemju mikið um veiðiskapinn og náttúruna sem við öll erum hluti af. Undir hans leiðsögn veiddi maður aðallega á flugu og þá fór mér bara helv. skart fram – ef svo mætti segja.

Árið 1971, eitt af fyrstu árum

Heimsmet?



Eins og fram kemur hér í viðtalinu er Bjarni Kristjánsson mikill áhugamaður um þá kynjaskepnu sem urriðinn er. Á ferð sinni um Bæjaraland síðastliðið haust kom hann auga á þennan höfðingja á myndinni sem Rudolf Amort, titlaður veiðimeistari á spjaldinu, er sagður hafa veitt í Kóngsvatni 21. október árið 1976. Urriðinn var 125 sm að lengd, 87 sm að ummáli og vó 55 pund. Bjarni telur næsta víst að þessi fiskur hafi komið í net því Rudolf Amort er umsvifamikill fiskisali í héraðinu og auglýsir nýveiddan fisk úr vatninu til sölu.

Óssur Skarphéðinsson segir frá því í bók sinni um Þingvallaurriðan að allmargir stórrurriðar hafi fundist í Lokvarsko-vatninu, við bæinn Lokve, skammt frá Delnice í norðanverðri Króatíu. Vatnið er notað sem uppistöðulón og þegar hleypt var úr því í september 1968 vegna viðhalds var unnt að ná þessum tröllum á land. Tveir mældust 124 sm langir, annar 37 pund en hinn 51. Þessir fiskar voru lengi taldir heimsmet en ljóst er að Bæjarinn á myndinni er enn stærri.

mínun með fluguna, vorum við í Aðaldalnum í ágúst undir leiðsögn Heimis. Við vorum tveir og áttum fjóra daga í landi Árnass og fleiri jarða. Þau óskráðu lög mælti leiðsögumaður af munni fram að hér bæri aðallega að veiða á flugu; að því fullreyndu mætti þó renna maðki, eða „gefa honum dúsuna“. Til þrautavara væri leyfilegt að kasta spæni, en aldrei nema svo sem eins og í kveðjuskyni við hvern veiðistað.

Ofan við Skriðufliúð er vænn hylur og utan við hann brýtur á klapparnefi. „Þarna við klapparnefið liggur hann Svarti Donald og hefur gert í allt sumar.“ sagði Heimir og sagði mér að kasta. Ég teygði úr línunni sem mest ég mátti en ekkert dugði. Heimir sýndi mér hvernig unnt var að kasta enn lengra og leggja línuna endilanga á vatnið en Svarti Donald leit ekki við flugunni, frekar en öðru sem honum hafði verið sýnt á löngu sumri. Á síðasta degi fæ ég fisk á flugu í hylnum skammt ofan við Skriðufliúð. Um það bil sem veiðitímanum er að ljúka reyni ég aftur við Svarta Donald á flúðinni. Nú eru köstin orðin betri en í fyrra sinnið en það dugir samt ekki. „Svo sem eins og í kveðjuskyni“ set ég svartröndóttan Toby á kaststöngina. Spæninum er auðvelt að kasta og hann er varla kominn í vatnið áður en Svarti Donald er á.

Tvisvar sinnum varð ég að leggja stöngina á bakkann og vaða úti til að losa slý af línunni. Af einhverjum ástæðum lá laxinn kyrr á meðan – og þar kom að ég náði honum. Þetta var sextándi laxinn sem við náðum og þar af voru sjö á bilinu 10 til 15 pund. Dónald var 14 ½.

Svona sögur á maður líklega ekki að segja í Áróði en lesendur verða að hafa í huga að þetta var tveimur árum áður en Ármenn voru stofnaðir.

Sogið var annað eftirlætis veiðisvæði mitt. Á Bíldsfelli fékk ég oft

í lok veiðitíma 19 punda hænga, einn eða tvo. Það var skrýtið, þetta gerðist ár eftir ár. Þessir fiskar fóru í reyk og í stórri fjölskyldu voru margir ánægðir. Einu sinni var það hrygna – 19 ½ pund, og hún er í minningunni fallegasti fiskur sem ég hef séð. Hún tók Rusty rat #8. Þá voru sleppingar ekki enn á dagskrá.

Þann stærsta fékk ég á Fluguklöppinni á Alviðru, 10 ½ kg. hann tók straumflugu, Black Ghost, aftur í kok, en einkrækjan dugði illa og plægði fram alla tunguna – en þá tók við gæska veiðigyðjunnar: Flugan flaug ekki frjáls heldur lenti hún í öflugum króki hængsins og sat þar föst.

Hefur eitthvað breyst?

Það hefur ýmislegt breyst á þessum árum frá því ég byrjaði. Veiðistangirnar hafa breyst mikið. Ég á reyndar eina bambusstöng sem ég erfði. Ég fór einu sinni austur í Sog með hana en núna er hún á veggnum hjá mér. Fyrsta stöngin mín var frá Shakespeare, glerfíber, og ég var með hana í Svarta Dónalds ævintýrinu í Laxá í Aðaldal. Næsta stöng sem ég eignaðist var frá honum Steina, og svo endaði ég í Sage #6, og búinn að vera með hana í mörg ár. Maður veit ekkert af þessu, þetta er svo létt og auðvelt að kasta. Annars er ekki víst að öllum finnist það betra. Einu sinni var ég í Hofsá með nokkrum Ármönnum og þá hafði Karl Bretaprins verið þar fyrr um sumarið. „The day after, I like to know if I have been fishing,“ – höfðu heimamenn eftir honum.



Sept. 1979 tók Kristján Bjarnason þessar myndir af föður sínum og fiskinum; 10,5 kg laxi sem tók Black Ghost á fluguklöppinni á Alviðru

Hann vildi alveg finna fyrir harðsperrum daginn eftir.

Veiðitæknin hefur breyst smávegis. Áður notuðu menn meira intermediate línu, Kolbein kenndi mér það, og þyngdar flugur voru nánast óþekktar. Ég er búinn að nota flotlínu í mörg ár síðan, ég nota flotlínu með tvíhendu á laxinn og þeir koma upp og taka þetta. Einu sinni var ég að kasta fyrir ofan brúna hjá Hólmavaði. Þarna er hyldýpi, og allt í einu kemur upp sporður og stirtla og þeytir flugunni í burtu. Ég kastaði aftur og fjórum sinnum kom sporðurinn og stirtlan, en í fimmta sinn var hann orðinn reiður og tók niður í kok.

En að öðru leyti er þetta ósköp svipað. Mér fannst þegar ég byrjaði að laxveiðileyfin væru ókaupandi, það hefur ekkert breyst, og fiskurinn er sá sami.

#643 skræði

Myndir úr safni Bjarna Kristjánssonar.



JOAKIM'S

Gæða flugustangir, hjól og línur sem hafa sannað sig hjá íslenskum veiðimönnum.





gsm: 698-4651 e-mail: joakims@simnet.is

Sextíu ára afmælisráðstefna Landssambands Stangaveiðifélaga var haldin á Grand Hótel laugardaginn 6. nóvember síðast liðinn

Reynir Þrastarson, Formaður LS setti fundinn.

Fundurinn var undir styrki stjórn Ingólfs Þorbjörnssonar.

Eftirtaldir aðilar höfðu framsögu;

Jón Bjarnason, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ávarpaði ráðstefnuna.

Guðni Guðbergsson, Veiðimálastofnun, fjallaði um rannsóknir á seiðasleppingum

Árni Ísaksson, Fiskistofu, fjallaði um stjórnýslu og eftirlit við seiðasleppingar í veiðivötn.

Óðinn Sigþórsson, LV, fjallaði um viðhorf veiðiréttareigenda til seiðasleppinga.

Próstur Elliðason frá Veiðipjónustunni Strengir, fjallaði um sína reynslu af uppbyggingu veiðiaá með seiðasleppingum.

Guðmundur Stefán Mariásson, Formaður SVFR, fjallaði um viðhorf stangaveiðimanna til seiðasleppinga.

Eftir fróðleg erindi framsejenda var orðið gefið laust.

Fundarmenn, sem voru um 60 talsins, spurðu margs og m.a. um:

Lífsmöguleika laxs sem þreyttur hefur verið í langan tíma og svo sleppt. Framsejendur töldu líkurnar um 90% að laxinn hefði það af.

Spurt var um rannsóknir á vatnasvæði Jöklu áður en seiðum var sleppt þar. Lítið virðist vera til af rannsóknargögnum, fyrir seiðasleppingar, um annað en rennsli og magn vatns á svæðinu.

En í Rangánum var greinileg fækkun á bleikju eftir að sleppingar á laxaseiðum hófust.

Lax, lax, lax og aftur lax ...

GSM hóf mál sitt á áhugaverðri greiningu veiðimanna í flokka eftir því um hvaða eigindir eða ásýnd dellunnar ástríða þeirra hverfist. Hann hefði gjarnan mátt þróa þessa greiningu lengra, því etv. er hún góður leiðarvísir að undirbyggðri skoðun á umfjöllunarefni ráðstefnunnar. Við viljum auðvitað að öll sjónarmið séu virt og fái að dafna.

Helst söknuðum við Ármenn þess að meiri upplýsingar væru birtar um áhrif laxaseiðasleppinga á náttúrulega silungastofna sem fyrir eru í veiðivötnum og ám.

Á formannafundi LS sem fram fór áður en ráðstefnan hófst fórust málsvara Ármanna svo orð að : „Ármenn sækjast eftir að stunda veiðar á litlum fiskum fyrir lítinn pening ...“ – þetta er auðvitað lym-skuleg próvokasjón, en við sem skiljum vitum að þetta eru gjarnan silungar en ekki laxar (það eru þó að vísu til mjög smáir laxar í bland). Þegar leið á ráðstefnu LS um seiðasleppingar hverfðist hún og áherslur frummælenda um lax – það virðast eingir hafa áhuga á eða áhyggjur af silúngi. Hvað er það í fari silúngsins sem gerir hann svona lélega bisnessvöru, hví nýtur hann svo lítillar umhyggju? Er það smæðin? eða er það tvíhendurnar? eða er það karlagrobbið? eða þarf kannskjé bara svo mikla kunnáttu og reynslu til að veiða hann að það er ekki á annarra færi en Ármanna?

Á ráðstefnunni kom enn einn ganginn fram að það eru til lög um eitt og annað sem varðar seiðasleppingar, sjálfbærni, gerð fiskræktarætlana og flutning á seiðum á milli

vatnasviða. Það mátti (mis-)skilja á máli frummælenda að eftirlit með framfylgd laganna væri ómarkvisst og í besta falli hreinum tilviljunum háð – enda viðurlög lítil (eða engin?). Það er óbreyttum veiðimanni t.d. ekki augljóst að sjálfbærni silungastofna sé rétt há, og undrunarefni að það teljist ekki flutningur milli vatnasviða að laxaseiði ferðist með bílum milli landshluta til sundæfinga í afhöfum ókunnugra áa – þaðan sem þeim er svo beinlínis ætlað að nema strengi og flúðir.

Af ágætri framsögu ÞE er augljóst að hann og líklega margir í bransanum búa yfir mikilli reynslu og kunnáttu um seiðasleppingar og hamskipti (vatna- og) veiðisvæða. Það er jafn-augljóst að nauðsynlegt er að efast um sjálfsagðan tilgang slíkra tilrauna, þó ekki væri nema til að skapa þeim krítískt viðnám og stuðla að verðugu rannsóknarumhverfi – svo öllu verði til skila haldið.

Hákonarbíkarinn var veittur Guðmundi Guðjónssyni fyrir áratuga ritstörf í þágu stangaveiða á Íslandi. Hann er ma. ritstjóri vefsíðunnar <http://www.votnogveidi.is/>. Þar hefur verið birt skilmerkileg frétt um ráðstefnu LS um seiðasleppingar, ekki síst er áhugaverð tilvísun í grein um efni ráðstefnunnar á www.lax-a.is Eins er áhugaverð grein um Brúará á sama vef <http://www.votnogveidi.is/frettir/almennt/nr/3604>.

Sigbjörn Kjartansson



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000
Freyjunesi 4
603 Akureyri

4 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Smíðjuvegi 11
200 Kópavogi

Við þörfnumst þín!

Hugmyndin er að skipa fræðslu- og fagnaðarerindisnefnd sem kæmi með tillögur að fræðslu- og skemmtidagskrá yfir vetrarmánuðina og stýrði þess háttar viðburðum í samráði við húsnefnd.

Okkur vantar áhugasama sjálfboda-liða og/eða ábendingar um áhugasama félagsmenn. Þeir sem hafa áhuga á að efla félagsstarfið í Árósum hafi samband við stjórn, t.d. á armenn@armenn.is.

Stjórnin

Óska eftir að kaupa bókina *Silunga- og laxaflugur* eftir John Buckland. Björn Jónsson íslenskaði, Almenna Bókafélagið 1988, vasaútgáfa.

Jon Nordsteien, 899 7873/jon.nordsteien@simnet.is

Við bjóðum eftirtalda nýja félagamenn velkomna í Ármenn:

- 794 Jan Ólafsson
- 803 Lárus S. Guðmundsson
- 804 Birgir M. Barðason
- 805 Hörður Ingvaldsson
- 808 Hrafn Pétursson
- 809 Hjörleifur Valsson
- 810 Vadim Fedorov
- 811 Hannes S. Grétarsson
- 814 Guðmundur Kjartansson
- 815 Smári Johnsen
- 816 Eyjólfur Guðmundsson
- 817 Emil Gústafsson
- 818 Ásdís Eypórsdóttir
- 819 Óskar Örn Smáráson

Kynning á veiðiblöðum í Árósum

Miðvikudagskvöldið 3. nóvember kynnti Ágúst Úlfar, Ármaður # 2 áhugavert efni í veiðiblöðum. Hann fór á léttan og skemmtilegan hátt yfir þau blöð sem Ármenn eru áskrifendur að en þau eru: Trout Fisherman og Fly Fishing & Fly Tying.

Sérstaklega var litið á Trout Fisherman þar sem góð ráð voru gefin um kasttækni í miklum vindi, hentugar flugustangir til nota úr bát ásamt öðrum hagnýtum og góðum atriðum. Síðan bar Ágúst saman verð á veiðiblöðum í lausasölu og áskrift, bæði hér á Íslandi og í Bretlandi. Skemmst er frá því að segja að niðurstaðan var sú að árgjaldið í Ármönnum f. næsta ár er rúmlega helmingur af áskrift að einu svona erlendu veiðiblaði. Félagsmenn geta lesið þessi tvö blöð í Árósum og má því með sanni segja að það margborgi sig að vera Ármaður!



Ágúst Úlfar, Ármaður # 2

Brandarahorn ritstjórans

Morgun einn, seint að hausti, rís veiðimaður snemma úr rekkju. Förinni er heitið í sjóbirting. Hann læðist framúr, smeygir sér í föðurlandið, smyr sér nestisbita og læðist úti bílskúr. Tekur til vödlur og veiðidót. Hoppar inni veiðibílinn, opnar bílskúrshurðina með fjarstýringunni og ekur út götuna. Það er snarvitlaust veður, suðaustan átt, örugglega meira en 20 m/s og gengur á með slyddu éljum. Veðrið rífur í bílinn og trampolín nágrenns er flogið burt úr garðinum. Lítur ekki vel út. Veiðimaðurinn snýr við heim og lítur á textavarp sjónvarpsins til að sjá veðurspá dagsins. Skilaboðin eru skýr: "Líkur eru á verra veðri og snjókomu síðdegis" Kappinn sér að best er að hætta við þessa veiðiferð. Fullur af annarskonar spenningi en fyrr um morguninn afklæðist hann hljóðlega og skríður upp til konu sinnar og hvíslar: "veðrið er snarvitlaust úti" "já" svarar frúin syfjulega "ótrúlegt en satt þá er þessi veiðióði kall minn að veiða í þessu"

19. nóvember föstudagur
Skemmtikvöld

maður er manns gaman, húsið opnar kl. 20

Vetrardagskrá í Árósum 2010-2011

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum frá kl. 20.00-22.00

Auglýstir viðburðir

19. nóvember föstudagur Skemmtikvöld, maður er manns gaman, húsið opnar kl. 20

24. nóvember miðvikudagur Veiðistaðakynning kl. 20

8. desember miðvikudagur Aðventukaffi og bókakynning kl. 20.00

5. janúar miðvikudagur Skilalok veiðileyfa umsókna

24. janúar mánudagur Afgreiðsla veiðileyfa

25. janúar þriðjudagur Afgreiðsla veiðileyfa

26. janúar miðvikudagur Afgreiðsla veiðileyfa

29. janúar laugardagur Þorrablót

7. febrúar mánudagur Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar

9. febrúar miðvikudagur Aðalfundur

14. febrúar mánudagur Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar

21. febrúar mánudagur Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar

28. febrúar mánudagur Nýliðum leiðbeint við fluguhnýtingar

16. apríl laugardagur Vorblót

ATH. Ef auglýsta viðburði ber upp á sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.



Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingaefni
Afsláttur til Ármanna

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is